

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Proskapjálfafélags Íslands

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Proskapjálfafélags Íslands (PÍ) og Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) mánudaginn 14. september 2020 í fjarfundi kl. 13.00.

Mætt voru:

Fyrir hönd félagsins: Laufey Gissurardóttir og Anna Lilja Magnúsdóttir

Fyrir hönd sambandsins: Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Bókun 8 frá 2020

Vísað er til bókunar 8 í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Proskapjálfafélags Íslands, dags. 1. janúar 2020 til 31. mars 2023, svohljóðandi:

Proskapjálfar í grunnskólum

Aðilar eru sammála um að þroskapjálfar í grunnskólum og kennarar í grunnskólum starfa náið saman. Verði breytingar á vinnutíma grunnskólakennara í tengslum við endurskoðun á vinnutímakafla kjarasamnings Félags grunnskólakennara við Samband íslenskra sveitarfélaga þá verði stofnaður vinnuhópur með tveimur frá hvorum aðila til að fara yfir vinnutíma þroskapjálfa í grunnskólum. Þetta á líka við um styttingu vinnuvikunnar.

Verði breytingar á vinnutíma leikskólakennara á samningstímanum á ofangreint ákvæði einni við þá þroskapjálfa sem starfa í leikskólum.

Niðurstaða:

Aðilar eru sammála um að fylgjast með þróun vinnutíma og undirbúningstíma hjá leikskólakennurum og að stofna vinnuhóp til að fara yfir vinnutíma þroskapjálfa sem starfa á leikskólum sbr. bókun 8. Stofnun vinnuhóps verði lokið um mánaðarmótin september/október 2020.

2. Yfirvinna 1 og 2-breyting á grein 1.5.1

Í kjarasamningi aðila frá 2020 segir að grein 1.5.1 um yfirvinnu 1 og 2 taki gildi 1. október 2020.

Aðilar eru sammála um að grein 1.5.1 taki gildi þegar ákvæði í fylgiskjölum 2 og 3 um styttingu vinnutíma koma til framkvæmda. Fyrir dagvinnufólk þann 1. janúar 2021 og fyrir vaktavinnufólk þann 1. maí 2021.

Fleira ekki gert og fundi slitið: